

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 258/2018

2021/EES/62/37

frá 5. desember 2018

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1794 frá 6. október 2015 um breytingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2008/94/EB, 2009/38/EB og 2002/14/EB og tilskipunum ráðsins 98/59/EB og 2001/23/EB, um farmenn ⁽¹⁾.
- 2) XVIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við 22. lið (tilskipun ráðsins 98/59/EB), 24. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/94/EB), 27. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (2009/38/EB), lið 32d (tilskipun ráðsins 2001/23/EB) og lið 32f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB):

„, breytt með:

- **32015 L 1794:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1794 frá 6. október 2015 (Stjtið. ESB L 263, 8.10.2015, bls. 1).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 32l (tilskipun ráðsins 2014/112/ESB):

„32m. **32015 L 1794:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1794 frá 6. október 2015 um breytingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2008/94/EB, 2009/38/EB og 2002/14/EB og tilskipunum ráðsins 98/59/EB og 2001/23/EB, um farmenn (Stjtið. ESB L 263, 8.10.2015, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (EB) 2015/1794, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 263, 8.10.2015, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.